NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Umhverfisstofnun
Þórdís V. Bragadóttir
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 06. júní 2011
2011050030/42-0
TB
gg/tb

**Rannsóknir í Leiruvog Mosfellsbæ, umsögn**

Vísað er í tölvupósts frá Umhverfisstofnun, dags. 23. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn um leyfi til að stunda fornleifarannsóknir við Leirvog í Mosfellsbæ m.a. í friðlandinu við Varmárósa. Í umsókninni kemur fram að rannsóknir næstu tveggja ára feli ekki í sér uppgröft.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki athugasemd við að framangreindar fornleifarannsóknir verði heimilaðar svo fremi sem þær feli ekki í sér neina röskun á náttúru friðlandsins, en taka þarf sérstakt tillit til fitjasefs, *Juncus gerardii*. Tryggja verður að rannsóknaraðilar geti greint tegundina fitjasef til að koma í veg fyrir að vaxtarstöðum hennar eða tegundinni sjálfri verði raskað. Með þessari umsögn er einungis tekin afstaða til núverandi umsóknar um rannsóknir sem ekki fela í sér neinn uppgröft.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
staðgengill forstjóra

Trausti Baldursson

Urriðaholtsstræti 6-8 Pósthólf 125 212 Garðabær Sími 590 0500 Bréfasími 590 0595 www.ni.is